

# Reglur um notkun tölvu í FSH

1. Tæki í tölvustofu ber nemendum að meðhöndla af fyllstu gætni.
2. Nemendur skulu skrá sig með sínu notendaheiti og lykilorði. Óheimilt er að lána öðrum notendaheiti sitt.
3. Allir nemendur hafa netfang sem er notendaheiti þeirra að viðbættu léni FSH. Dæmi: [Nemandi@fsh.is](mailto:Nemandi@fsh.is)
4. Heimasvæði nemanda getur mest orðið 50Mb að stærð. Ef boð um það að diskasvæði sé fullt, þá vinsamlegast hafðu samband við netstjóra.
5. Ekki er leyfilegt að geyma á heimasvæði sínu önnur gögn en þau sem tilheyra náminu.
6. Nemendur skulu sýna “siðvit” í notkun tölvubúnaðar skólans. Ósiðlegt efni er t.d. klám, ofbeldi og guðlast <sup>1</sup>.
7. Í tölvunum eru forrit sem notuð eru til kennslu og vinnslu verkefna í námi. Búnaðurinn er ekki ætlaður til leikja.
8. Óheimilt er að setja inn ný forrit án leyfis netstjóra eða eiga við stillingar.
9. Stilla ber notkun prentara í hóf. Óheimilt er að prenta annað út en efni sem tengist náminu. **Spörum pappír!**
10. Algjörlega er óheimilt að matast eða bera mat og drykkjarföng inn í tölvustofur skólans.
11. Brjótir nemandi reglurnar verður hann sviptur aðgangi tímabundið.
12. Tilmælum húsvarðar vegna tilfallandi breytinga (tímabundið) sem kunna að verða á opnun tölvustofunnar, ber nemendum að hlíta.
13. Ef nemendur sjá sér ekki fært að virða reglur þessar, geta þeir átt von á því að tölvustofu verði alfarið lokað milli þess að hún er notuð til kennslu.

Nemendur sem ekki hafa setið áfangann UTN103 geta leitað til netstjóra eftir aðstoð með notkun búnaðarins. Netstjóri getur með stjórnubúnaði sínum fylgst með notkun heimasvæða, tölvupósts og Netsins. Hann getur gripið inni ef búnaðurinn er ranglega notaður. Nemendur skulu tilkynna netstjóra strax, ef einhver tölva bilar eða ef Staðarnetið virkar ekki.

---

<sup>1</sup> Samanber siðareglur Bláðamannafélags Íslands.